

Vikufréttir

Vika 8 (22.02.2021 – 26.02. 2021)

Mánudagur

- ✓ Stigsfundur á unglíngastigi kl. 14:30

Þriðjudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 14:30
- ✓ Opnar fyrir skráningu á foreldraviðtölum inn á Mentor

Miðvikudagur

- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30

Fimmtudagur

- ✓ Vetrarfrí

Föstudagur

- ✓ Vetrarfrí

Mánudagur

- ✓ Skipulagsdagur (nemendur í frí)

Spakmæli:

- „Áður en þú talar – Hlustaður“
- „Áður en þú bregst við – Hugsaðu“
- „Áður en þú dæmir – Skoðaðu“
- „Áður en þú hættir – Reyndu“

Annað:

Foreldraviðtöl. Þriðjudaginn 23. febrúar verður opnað fyrir skráningar í nemenda- og foreldraviðtöl inná Mentor. Við hvetjum ykkur sem eigið fleiri en eitt barn í skólanum að bóka viðtölin sem allra fyrst til að ná samliggjandi tímum fyrir börnin ykkar. Seinasti dagur til að skrá sig í viðtal er sunnudaginn 28. febrúar. Ef ykkur tekst ekki að bóka viðtal á Mentor getið þið haft samband við umsjónarkennara. Viðtölin verða miðvikudaginn 3.mars.

Öskudagsgleði

Skólastarfið var með óhefðbundnum hætti á öskudag og margir mættu í skemmtilegum búningum í tilefni dagsins. Á yngsta og miðstigi var kötturinn sleginn úr tunnunni í mikilli blíðu og með tilheyrandi látum. Nemendur á miðstigi unnu í fjölbreyttum hópum; fengust við förðun, söng, dans, fótbolta, spil og fleira skapandi og skemmtilegt. Á unglingastigi söfnuðu nemendur fróðleik um bóndadag, konudag, öskudag, sprengidag og bolludag og settu upplýsingarnar fram á veggspjöldum og mynd- og hljóðskrár á netinu.

Öskudagur er miðvikudagur í 7. viku fyrir páska. Þá hefst langafastan sem stendur til páskadags. Samkvæmt gamalli þjóðtrú á öskudagur 18 bræður með svipaðri veðráttu.



tgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir